



Kveðja til hollvina



Háskólinn á Bifröst er ekkert án nemenda hvort sem það eru núverandi nemendur eða fyrrverandi nemendur. Háskólinn á Bifröst er heldur ekkert án hinnar tæplega 90 ára sögu skólans sem er samfin sögu þjóðarinnar. Skólinn hefur allan tímann menntað forustufólk fyrir íslenskt samfélag og tekist vel til. Þannig hafa ráðamenn þjóðarinnar í tæp 100 ár komið úr þessu frjóa skólaumhverfi.

Háskólinn á Bifröst mun halda áfram á þeirri braut sem var mörkuð í árdaga skólans að mennta forustufólk fyrir íslenskt atvinnulíf. Fyrrum nemendur skólans eru skólanum ákaflega

verðmætir og skólinn vill hafa sem best samskipti við Hollvinasamtök Bifrastar og mun stuðla að eflingu þeirra af öllum mætti.

Minningar úr skólum eru meðal dýrmætustu minninga sérhvers einstaklings. Við sem nú stýrum skólanum í umboði komandi kynslóða munum leitast við að núverandi nemendur og nemendur framtíðarinnar eigi sem bestar minningar úr Háskólanum á Bifröst alveg eins og fyrrverandi nemendur minnast skólans með hlýju.

Þið ágætu hollvinir eruð ávallt velkomnir á Bifröst.

Dr. Ágúst Einarsson
 rektor Háskólans á Bifröst

Til hollvina



Fréttabréf Hollvina-samtaka Bifrastar birtist ykkur nú eftir nokkurra ára hlé. Eins og fram kemur á öðrum stað í þessu fréttabréfi hefur nú verið gerð ný tilraun til að endurvekja nemendasamband skólans með það að

markmiði að efla tengsl skólans við útskrifaða nemendur ásamt því að stuðla að betra upplýsingastreymi milli þeirra.

Í þeim tilgangi hefur verið opnuð heimasíða Hollvinasamtakanna - www.hollvinir.bifrost.is - þar sem m.a. er að finna skrá yfir útskrifaða nemendur, ágríp af sögu samtakanna, upplýsingar um stjórn, nefndir og fulltrúa árganga.

Til að heimasíðan virki eins og til er ætlast eruð þið beðin um að skrá ykkur inn á heimasíðuna á eftirfarandi hátt:

Vefslóðin: <http://hollvinir.bifrost.is/skraning>

Þú skráir inn kennitöluna þína í þartilgert box og ferð svo yfir á næsta skref með því að ýta á senda. Þá birtast þær upplýsingar sem hafa verið skráðar um þig og þú getur breytt þeim eða bætt við eftir því sem við á.

Síðan þarft þú að skrá netfangið þitt í boxið netfang og þá færð þú sent til baka lykilorð sem mun gefa þér aðgang að læstum svæðum á vef Hollvinasamtaka Bifrastar.

Til að stuðla að eflingu Hollvinasamtakanna hefur undirritaður verið ráðinn í hlutastarf sem tengilliður milli skólans og hollvina.

Hlutverk mitt í því starfi verður m.a. að sjá um heimasíðuna, gefa út fréttabréf, taka á móti afmælisárgöngum, halda skrá um útskrifaða nemendur og ýmislegt annað sem tengist starfsemi samtakanna.

Ég hvet ykkur til að senda mér tölvupóst ef ykkur vantar upplýsingar eða ef þið viljið koma á framfæri fréttum eða öðru efni sem þið teljið að eigi erindi inn á heimasíðuna.

Með bestu kveðju,
Þórir Páll Guðjónsson
thorir@bifrost.is

Öflugt tengslanet Bifrestinga!

Tengslanefnd Hollvinasamtaka Bifrastar er ætlað stórt hlutverk í framtíðinni

Bifröst er lítið og þétt samfélag sem á sér langa sögu. Þrátt fyrir mikla stækkun háskólasamfélagsins á Bifröst síðustu árin og mikla fjölgun nemenda þá hefur það ávallt einkennt þetta litla samfélag að þar myndast mikil og góð tengsl milli íbúa. Þessi tengsl sem á skólatímanum virðast órjúfanleg geta átt það til að veikjast að námi loknu.

Það má kannski segja að fyrst þegar út í atvinnulífið er komið finni maður fyrir því hvað góð tengsl við gamla félagu eru mikils virði. Kunningskapur og vinátta á Bifröst hefur í mörgum tilfellum reynst vera góður grunnur að framtíðarviðskiptasamböndum. Þannig verða gamlir samnemendur og kennarar á Bifröst mikilvægur hluti af tengslaneti okkar Bifrestinga. Það má skilgreina tengslanet sem „tengsl við fólk með samþærilega hagsmuni sem miðar að því að sjá tækifæri, greina hættur og læra af jákvæðri reynslu hvers annars“. Tengslanet snýst þ.a.l. jafn mikið um að miðla reynslu og þekkingu eins og að sækja í þekkingarbrunna annarra eða hagnýta tengsl sem þeir kunna að hafa. Tengslanefnd Hollvinasamtaka Bifrastar er ætlað stórt hlutverk. Annars vegar að stuðla að auknum tengslum Bifrestinga

innbyrðis, innan árganga sem utan og hvetja til langvarandi hagsmunasambands Háskólans á Bifröst og útskrifaðra nemenda hins vegar. Þetta helst í hendur. Viðburðir á vegum Háskólans á Bifröst eða Hollvinasamtakanna, þar sem fræðsla í fyrirlestra- eða námskeiðaformi leiðir Bifrestinga saman, geta styrkt gömul tengsl ásamt því að búa til ný. Heimasíða Hollvinasamtakanna getur einnig verið mikilvægur vettvangur fyrir okkur Bifrestinga að miðla af reynslu okkar, ræða málin eða koma á framfæri hagnýtum upplýsingum. Eins getur heimasíðan nýst skólanum til að koma á framfæri upplýsingum sem nýtast Bifrestingum öllum, hvort sem þeir útskrifuðust fyrir eða eftir stríð (og koma þá nokkur stríð til greina). Við í tengslanefndinni viljum því hvetja alla Bifrestinga til að skoða nýja heimasíðu Hollvinasamtakanna reglulega og skrá þar upplýsingar sem gera okkur öllum kleift að vera í sambandi og efla tengslin hvert við annað.

F.h. tengslanefndarinnar,
Hermann Guðmundsson
hermann.gudmundsson@internet.is



Heimsókn útskriftarárgangs 1957 þann 13. maí síðastliðinn.

Traust bakland

Einn mikilvægasti þáttur skólastarfsins

Sú hugsun að skóli sé fyrst og síðast samfélag sem krefst stöðugrar þróunar og endurnýjunar, þar sem hver og einn er virkur þátttakandi hefur verið ríkjandi á Bifröst allt frá upphafi skólastarfs þar. Hollvinasamtök voru fyrst stofnuð á Bifröst árið 1958 en megintilgangur þeirra hefur allt frá upphafi fyrst og fremst verið sá að tryggja að samband nemenda við skóla-samfélagið rofni ekki eftir hina formlegu útskrift, heldur að stuðla að því með markvissum hætti að það haldi áfram að vaxa og styrkja stöðir skólasamfélagsins.

Hin upphaflegu samtök sem gengu undir heitinu Nemendasamband Samvinnuskólans (NSS) voru, eru og verða grundvöllur þess trausta baklands sem skólinn byggir tilveru sína á. Árið 1999 urðu þáttaskil í sögu samtakanna þegar lög þeirra voru endurskoðuð og nafni þeirra breytt. Frá þeim tíma hefur skólinn gengið í gegnum miklar breytingar, nýjar deildir hafa litið dagsins ljós og fjöldi nemenda margfaldast. Ein skýrasta vísbendingin um það hversu hratt skólinn

hefur þróast á undanfönum árum er sú staðreynd að á síðustu tveimur áratugum hefur nokkrum sinnum þótt ástæða til að laga nafn skólans að breyttu hlutverki hans, fyrst úr Samvinnuskólanum í Samvinnuháskólann, síðar Viðskiptaháskólann og nú síðast Háskólann á Bifröst. Tilgangur Hollvinasamtakanna breytist ekki þó svo að við leitum þó ávallt nýrra leiða til að ná markmiðum okkar.

Síðastliðið haust héldu Hollvinasamtökin fjölmennan aðalfund á Grand Hótel, þar sem fram fóru kosningar í stjórn og almennar umræður um stöðu og framtíð samtakanna. Á þeim fundi kynnti ég nokkrar af þeim hugmyndum sem komið hafa fram um þær leiðir sem samtök sem þessi geta farið til að ná markmiðum sínum og skila skólanum og nemendum hans þeim ávinningi sem stefnt er að. Aukinn sýnileiki og árvissir viðburðir eru hluti af þeim áherslum sem lagt var upp með eftir fundinn. Nýrri heimasíða samtakanna er ætlað það hlutverk að vera vettvangur upplýsingamiðlunar og samskipta, þar

sem meðal annars er hægt að nálgast upplýsingar um gamla skólafélaga, skoða myndir frá mismunandi tímabilum og fá fréttir af starfi Hollvinasamtakanna. Hvet ég alla Bifrestinga til að skrá sig inn á síðuna og fá þannig notið allra þeirra möguleika sem hún býður uppá.

Gunnar Axel Axelsson
Formaður Hollvinasamtaka Bifrastar



Frá fjáröflunarnefnd Hollvinasamtaka Bifrastar

Kæru Bifrestingar.

Eins og lesa má á öðrum stað í fréttabréfinu hefur nýkosin stjórn Hollvinasamtakanna tekið til starfa og er markmið og tilgangur samtakanna m.a. að stuðla að auknum samskiptum og vitund á meðal Bifrestinga auk þess að mynda bakhjarl við skólann okkar.

Á Bifröst hafa þúsundir manna og kvenna stundað nám. Stór hluti þessa fólks er einhvers staðar úti í atvinnulífinu og er það vilji okkar að ná utan um hópinn og koma fyrir á einum stað upplýsingagátt þannig að auðvelt sé fyrir þá sem vilja rifja upp skemmtilega tíma frá skólaárunum að gera það. Heimasíða samtakanna er þessi gátt og vill fjáröflunarnefndin hvetja alla til að skrá sig inn á síðuna og gefa upp þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Ákveðið var á aðalfundi samtakanna á síðasta ári að aðild að Hollvinasamtökunum væri gjaldfrjál, þ.e. að fólk yrði ekki krafði um félagsgjald, heldur yrðu allir Bifrestingar fullgildir félagar í samtökunum rétt eins og þeir voru á sínum tíma í Nemendasambandinu sáluga (NSS).

Við munum hins vegar leita sérstaklega til sterkra aðila í atvinnulífinu og velunnara Bifrastar vegna sérstakra verkefna sem við teljum til hagsbóta fyrir skólann.

Þrátt fyrir að ekki sé um eiginleg félagsgjöld að ræða munum við gefa Bifrestingum sem og öðrum kost á að vera virkir hollvinir Bifrastar með frjálsum framlögum. Þú skalt því, Bifrestingur góður, ekki láta þér bregða þó þér berist lítil gíróseðill með ósk um framlag. Þér er fullkomlega í sjálfvald sett

hvort þú greiðir hann eða ekki. Verkefnið eru fjölmörg sem vinna þarf. Þar ber fyrst að telja heimasíðuna okkar sem nú hefur verið opnuð. Við munum auk þess standa fyrir uppákomum sem tengjast skólanum og Bifrestingum.

Góðir Bifrestingar. Við tölum aldrei um nýja eða gamla Bifrestinga. Bifrestingur er og verður alltaf Bifrestingur. Við viljum með þessum hætti stuðla að vitund og virðingu um Bifröst og það starf sem þar hefur verið unnið um áratuga skeið og við erum stoltur hluti af.

f.h. fjáröflunarnefndar
Jóhannes Valdemarsson
gjaldkeri

Golfmót Bifrestinga 2007

Allir Bifrestingar eru hvattir til að taka þátt, jafnt byrjendur í golfi sem lengra komnir

Laugardaginn 11. ágúst nk. standa Hollvinasamtök Bifrastar fyrir golfmóti á nýjum 9 holu golfvelli sem staðsettur er við Bifröst og kenndur er við Glanna. Mótið er ætlað öllum félagsmönnum Hollvinasamtakanna. Ræst verður út milli kl. 9.00 og 11.00 að morgni og er mikilvægt að menn bóki sig á rástíma sem fyrst. Skráning fer fram hjá Golfklúbbum Glanna (sjá töflu neðst á síðu).

Ungir kyflingar spreyta sig á vellinum



Ýmsar upplýsingar um mótið 2007

Mótsdagur:	11. ágúst 2007
Völlur:	Golfvöllurinn Glanni við Bifröst
Rástími:	Frá kl. 9.00 - 11.00
Keppnisfyrirkomulag:	Punktakeppni - 18 holur
Hámarksvallarforgjöf:	Karlar 24; konur 28
Þátttökugjald:	2.000 kr. (greiðist við mætingu)
Skráning:	Á netfangið golf@bifrost.is (í síðasta lagi fös. 27. júlí nk.)
Nánari upplýsingar:	Í síma 664 8686 (Hermann) & 861 5676 (Jóhannes)

Allir Bifrestingar eru hvattir til að taka þátt, jafnt byrjendur í golfi sem lengra komnir.

Frá þekkingar- nefnd

Það að afla sér sífellt nýrrar þekkingar og fræðslu er mikilvægt í athafnalífinu og slík símenntun er orðin sjálfsgöð krafa í íslensku viðskiptalífi. Því var talið mikilvægt við mótun Hollvinasamtakanna að hafa vettvang þar sem hægt væri að miðla þekkingu og fræðslu til Bifrestinga. Markmið þekkingarnefndarinnar er að miðla fræðslu og þekkingu sem tengist íslensku viðskipta- og athafnalífi með því að standa að áhugaverðum viðburðum (m.a. ráðstefnum og morgunverðarfundum) í samvinnu við Háskólann á Bifröst. Slíkir viðburðir eru ekki síst mikilvægir til að efla tengslanet útskrifaðra Bifrestinga og læra hver af öðrum. Því hvetjum við alla Bifrestinga til þess að skrá sig á nýja heimasíðu Hollvinasamtakanna til þess að gera okkur öllum kleift að vera í sambandi og efla enn frekar hið mikilvæga og góða tengslanet sem Bifröst byggir á.

F.h. þekkingarnefndarinnar,
Inga Hlín Pálsdóttir

inga@icetrade.is